



– Í LEIKSKÓLANUM

Samtalsspjöld



Barnaheill



MENNTAMÁLASTOFNUN

Þáttur 1 Líkami minn tilheyrir mér



RÁÐ!

TIL KENNARA

Mælt er með að byrja á því að horfa á hvern þátt áður en börnin eru spurð út í efnið. Þá geta þau sagt frá því hvað gerðist og þú færð innsýn í hvað þau hafa skilið og hvað þarf að fjalla betur um.

Fyrir sum börn getur efnið verið vandræðalegt og erfitt að tala um það í byrjun. Það getur verið góð leið að byrja á því að endursegja það sem þau hafa séð.

Sýndu börnunum tiltilmynd þáttanna.

Hvað þýðir „Líkami minn tilheyrir mér?“


Nú ætlum við að horfa á teiknimynd. Hún er um mismunandi tilfinningar sem við höfum og um hvað má og hvað má ekki gera við líkama barna.

Þegar þið horfi á þessa mynd er eðlilegt að þið bregðist við á mismunandi vegu. Sumum finnst hún skrítin eða vandræðaleg, öðrum finnst myndin fyndin eða jafnvel óþægileg. Þar sem við erum öll ólík höfum við rétt á því.


Á eftir munum við tala um það sem við sáum í myndinni.

Sýndu þátt 1: „Líkami minn tilheyrir mér“

Geti þið sagt mér hvað gerðist í þessum þætti?



Þáttur 1 Líkami minn tilheyrir mér



Í þessari teiknimynd er sagt að hver og einn ráði yfir sínum eigin líkama. Þar er líka sagt að allir þurfi að fá leyfi til að knúsa eða hægt sé að segja já eða nei við því. Mörgum finnst gott að knúsa aðra.

Finnst ykkur gott að knúsa aðra? Hverja knúsið þið oftast? Frá hverjum fái þið oftast knús?

Hvað er hægt að gera ef einhver biður um knús og þið viljið ekki fá knús?

Má heimta að faðma og knúsa aðra?


Hvað geti þið gert ef þið viljið vera góð við einhvern sem vill ekki fá knús?

Hver og einn ákveður hvenær einhver má knúsa hann og aðrir ákveða hvort þeir vilji fá knús.

Sumum finnst gaman að knúsa mikið og oft, aðrir vilja bara knús af og til. Það er hvort tveggja í lagi. En þegar báðir aðilar vilja knús geta þau gefið hvort öðru knús.



Þáttur 1 Líkami minn tilheyrir mér



Mörg börn eru forvitin um líkamann, bæði þeirra eigin og líkama annarra. Mörgum finnst gott að snerta kynfærin sín. Það getur gefið góða kitlandi tilfinningu.

Sumum finnst líka spennandi að horfa á eða snerta kynfæri eða rass annarra barna. Við köllum það kynferðislega leiki.


Mega börn leika sér saman í kynferðislegum leikjum?

Já! Að börn leiki saman kynferðislega leiki er alveg eðlilegt og ekki hættulegt. Mörg börn gera það og finnst það bæði gaman og gott.


En það er mikilvægt að börn sem leika sér þannig saman séu á svipuðum aldri, jafnstór og sterk og að allir vilji taka þátt.

Það á ekki að leika sér í kynferðislegum leikjum við einhvern sem vill það ekki. Það má ekki þvinga neinn til að fara í þannig leik. Og allir mega alltaf segja stopp og skipta um skoðun.

Enginn má ráða yfir líkama annarra.



Þáttur 1 Líkami minn tilheyrir mér



Mega fullorðnir snerta kynfæri barna á óviðeigandi hátt?

Nei.

Fullorðnir mega aldrei snerta kynfæri barna nema þau sem eru að hjálpa þeim t.d. með að skeina eða mæla þau. Unglingar mega það ekki heldur. Og eldri börn eiga ekki að leika kynferðislega leiki við börn sem eru yngri. Því börn geta meiðst vegna þess.

Hvernig haldi þið að börn geti meiðst ef fullorðnir snerta kynfæri þeirra?

Ef fullorðinn snertir og káfar á kynfærum barns getur það skaðað líkamann, alveg eins og þegar þið meiðið ykkur eða fáði sár.

Stundum sést ekki neitt á líkamanum en það getur skaðað tilfinningar og hugsanir svo barnið verður dapurt, hrætt og líður eins og það sé alltaf með vandan hnút í maganum.


Kannski er það ekki sársaukafullt strax en það getur orðið sárt seinna.

Hvað sem sumum gæti fundist þá er stranglega bannað að fullorðnir snerti kynfæri barna á óviðeigandi hátt.

Alltaf.



Þáttur 1 Líkami minn tilheyrir mér



Stundum þegar börn leika sér og fíflast með öðrum börnum getur það verið gaman til að byrja með en svo er það allt í einu ekki skemmtilegt lengur.

Hvernig geti þið sýnt að þið viljið ekki halda áfram í leiknum? Geti þið sýnt það með líkamanum eða andlitinu?

Hvað geti þið gert ef ykkur finnst leikurinn ekki skemmtilegur?

Þá er hægt að segja STOPP! En ef hinir hætta ekki verði þið að biðja fullorðinn um að hjálpa ykkur.

Hvað geri þið þegar eitthvert annað barn segir STOPP meðan þið eruð að leika ykkur?

Ef eitthvert barn segir STOPP! verður alltaf að hlusta á það. Þá verður leiknum að ljúka eða finna aðra leið til að halda áfram svo öllum líði vel. Sum börn geta ekki sagt stopp upphátt, heldur sýna þau það með andlitinu eða líkamanum að þeim líði ekki vel í leiknum. Þá verði þið að hætta líka.

Mörgum börnum finnst erfitt að segja STOPP við einhvern fullorðinn eða einhvern sem er eldri, stærri eða sterkari.

Hvað er hægt að gera ef maður getur ekki sagt stopp eða það er ekki hlustað á þig.

Segðu einhverjum fullorðnum frá hvað gerðist! Ef það gerðist í leikskólanum getur þú kallað á fullorðna fólkið sem vinnur þar. Öll börn eiga rétt á að vera örugg – bæði heima hjá sér og í leikskólanum.

Hvaða fullorðna fólk getur passað upp á ykkur og látið ykkur finna til öryggis?



VERKEFNI

Skriðu á veggspjald það fullorðna fólk sem börnin nefna. Ræðið saman um það hvaða fólk þetta er og hvað það getur gert fyrir börnin til að þau finni til öryggis. Hengdu veggspjaldið upp í skólanum og vektu athygli á því næst þegar þið ræðið þetta efni.



Þáttur 2 Íslensk lög



RÁÐ!

TIL KENNARA

Byrjaðu á því að sýna titilmynd þáttanna á skjánum og talaðu aðeins um það sem nemendur muna úr síðasta þætti. Ef enginn vill segja neitt, geturðu minnt þau á að hún hafi verið um mismunandi tilfinningar sem við höfum í líkamanum og um hvað er leyfilegt og hvað er ekki leyfilegt að gera við líkama barna.

Nú ætlum við að horfa á nýja teiknimynd, þar sem við lærum meira um íslensk lög og hvað má gera og hvað ekki samkvæmt lögnum.

Sýndu þátt 2: „Líkami minn tilheyrir mér“- Íslensk lög

Hvað var að gerast í þessum þætti?

Hvað eru eiginlega „lög?“

Lög eru einfaldlega reglurnar sem við höfum á Íslandi sem segja hvað má og hvað má ekki.

Hvaða reglur gilda heima hjá ykkur?


Hvaða reglur höfum við í leikskólanum/skólanum?

Af hverju höfum við svona reglur?


Við höfum reglurnar til að öllum líði vel. Það er alveg sama með lögin sem gilda á Íslandi. Íslensk lög gilda fyrir alla sem búa á Íslandi. Lögnum er safnað saman á einn stað og þar eru lög um það sem má gera og hvað má ekki gera.

Dettur ykkur eitthvað í hug sem má ekki gera?

Vitið þið um eitthvað sem fullorðnir mega ekki gera gagnvart börnum?



Þáttur 2 Íslensk lög



Það er sumt sem fullorðnir mega gera við líkama barna, til dæmis þegar þau þurfa hjálp eins og að fá plástur á sár. Svo eru aðrir hlutir sem fullorðnir mega ekki gera.

Getið þið nefnt eitthvað annað sem börn gætu þurft aðstoð við frá fullorðnum?

Stundum þurfa börn aðstoð við að þvo sér, baða sig eða að skipta á bleyjum.

Stundum þurfa börn að fá lyf (stíl) í rassinn þegar þau eru veik eða þau þurfa hjálp vegna þess að þau meiddu sig. Fullorðnir mega þá að sjálfsögðu hjálpa.

En jafnvel þótt börn þurfi aðstoð við að skipta um bleyjur eða að skeina sig þegar þau hafa farið á klósettið, þá hafa fullorðnir aldrei leyfi til að snerta kynfæri barna á annan hátt.

Það er bannað fyrir fullorðna og unglinga.

Alltaf.



Þáttur 2 Íslensk lög



Hvað vill þjálfari Frikka að hann geri í teiknimyndinni?

Er það leyfilegt?

Nei, það er ekki leyfilegt! Í lögum Íslands segir að fullorðnir megi ekki snerta kynfæri barna eða láta þau snerta kynfæri sín. Það er kallað kynferðislegt ofbeldi.

Kynferðislegt ofbeldi getur verið þegar fullorðnir eða ungt fólk vill:

- » Kúra, snerta kynfæri barns eða setja eitthvað inn í kynfæri þess, annaðhvort í píku eða rass.
- » Að börn snerti kynfæri fullorðinna eða ungs fólks til dæmis píku, rass eða brjóst. Eða setja eitthvað inn í kynfæri þeirra.
- » Fá börn til að sjúga eða sleikja kynfæri sín eða að fullorðnir sjúgi eða sleiki kynfæri barna.
- » Láta börn leika sér að kynfærum sínum eða hvers annars.
- » Sýna börnum myndir eða myndbönd af fullorðu fólki í kynferðislegum athöfnum. Eða það vill taka eða sýna myndir af börnum að gera kynferðislega hluti.

Kynferðisofbeldi getur valdið líkamlegum sársauka en það er ekki alltaf þannig. Hins vegar er aldrei leyfilegt fyrir fullorðna að beita börn kynferðislegu ofbeldi. Allir fullorðnir vita það.



Þáttur 2 Íslensk lög



Hvað er að gerast hér?

Er það sem frændi Fjólu gerði löglegt?

Hvað gerir eða segir frændi til að fá Fjólu til að gera það sem hann vill?

Frændinn segir að Fjóla muni fá fallega hluti sem hana langar í. Þó hann segi að hún fái hjól og glitrandi spennu í hárið þá er það ekki henni að kenna hvað frændinn gerir.

Ef fullorðnir láta börn snerta kynfæri sín eða snerta þeirra kynfæri, þá er það alltaf sá fullorðni sem er að gera það sem ólöglegt, ekki barnið.

Eins og við sáum í fyrstu myndinni mega börn leika sér og skoða kynfæri hvers annars með öðrum ef þau eru á sama aldri, jafn sterk og allir eru sammála um það sem þau eru að gera.

En fullorðnir eða ungt fólk má aldrei snerta kynfæri barna. Og börn mega ekki heldur þrýsta á að snerta eða skoða kynfæri þeirra barna sem vilja það alls ekki eða eru yngri en þau.

Hvað getur Fjóla gert til að fá hjálp?



Þáttur 2 Íslensk lög



Hvernig haldið þið að Fjólu líði á þessari mynd?

Hvað haldið þið að gerist ef Fjóla segir mömmu sinni frá?

Það stendur í lögnum að ef barn segir fullorðnum frá að þau séu að upplifa eitthvað ólöglegt, þá verður fullorðna fólkið að hlusta og hjálpa.

Mörg börn eru hrædd við að tala um slæmar upplifanir eða hugsanir. En ef þau tala við einhvern fullorðinn sem þau treysta ættu þau að fá hjálp.

Ef þið hafið upplifað sársaukafulla eða erfiða hluti kemur það fyrir að þið fáið illt í magann. Næstum eins og það sé steinn í maganum.

Ef þú geymir vond leyndarmál geta þær tilfinningar og verkurinn í maganum vaxið og stækkað. Þannig leyndarmál eru vond leyndarmál

Hvað er hægt að gera ef þið eruð beðin um að þegja yfir vondu leyndarmáli?

Segðu fullorðnum sem þú treystir frá! Ekkert barn ætti að þegja yfir vondu leyndarmáli. Vond leyndarmál geta orðið minni og auðveldari að leysa ef þið talið um það við einhvern fullorðinn sem þið treystið.



ÍSLENSK LÖG



Þáttur 2 Íslensk lög



Nú ætlum við að tala um tvennt sem stendur í íslensku lögunum.

Í íslenskum lögum segir að fullorðið fólk á að gæta allra barna. Ef fullorðnir sjá barn hlaupa út á götu fyrir bíl gera þau allt sem þau geta til að koma í veg fyrir að barnið meiði sig.

Fullorðið fólk á að hjálpa börnum sem þurfa aðstoð. Það stendur í íslenskum lögum og allt fullorðið fólk veit það.

Í íslenskum lögum stendur líka að fullorðnir mega aldrei snerta kynfæri barna.

Gerði Fjóla eitthvað ólöglegt?

Nei! Ef fullorðnir snerta kynfæri barna er það alltaf sá fullorðni sem eru að gera það sem er ólöglegt.


Fjóla þekkir ekki íslensk lög svo hún veit ekki að það sem frændinn gerir er bannað með lögum. Öll börn verða að vita að það sem frændi Fjólu er að gera er bannað. Þess vegna ætlum við að tala um íslensk lög í dag.

Öll börn verða að vita að íslensk lög eiga að vernda þau. Og öll börn þurfa að vita að fullorðnir eiga að hjálpa þeim og sjá til þess að þau séu örugg.




VERKEFNI

Nemendur búa til veggspjald þar sem unnið er með mynd af ljóni sem á að túlka íslensk lög og 19. grein Barnasáttmálans. „Lög eiga að vernda börn gegn ofbeldi, misbeitingu og vanrækslu af hendi allra þeirra sem annast þau.“ Lestu meira um verkefnið í kennsluleiðbeiningum.



Þáttur 3 Hræðsla



RÁÐ!

TIL KENNARA

Byrjaðu á að sýna titilmynd þáttana og rifjið upp umfjöllunarefni fyrri þátta. Ef enginn vill segja neitt, geturðu minnt þá á að síðasti þáttur hafi verið um lög Íslands. Íslensk lög gilda í okkar landi og segja okkur hvað er leyfilegt og ekki leyfilegt. Þar segir meðal annars að fullorðnir eigi að hjálpa börnum sem eiga erfitt, þannig að þeim líði vel.

Sýndu þátt 3: „Líkami minn tilheyrir mér“ – Hræðsla

Hvað var að gerast í þessum þætti?

Við hvað eru þið hrædd?

Öll getum við orðið hrædd. Bæði börn og fullorðnir, stálp, strákar og stelpur eru hrædd við eitthvað. Sum eru hrædd við hunda, á meðan önnur eru myrkfælin.

Hvernig getur okkur liðið innra með okkur þegar við erum hrædd?


Ef þið eru hrædd við eitthvað, hvað getur þá hjálpað?

Er eitthvað sem þið getið gert til að líða betur?

Ef þið eru hrædd við eitthvað getið þið talað við einhvern fullorðinn. Þá getið þið fengið huggun og hjálp og fullorðna fólkið mun sjá um að aðstoða ykkur.



Þáttur 3 Hræðsla



Hvað kom fyrir Fjólu í myndinni?

Af hverju verður hún hrædd?

Frændi Fjólu snerti á henni kynfærin. Hann sagði að Fjóla myndi fá fallega hluti sem hana langaði í og fékk hana þannig til að samþykkja að hann mætti snerta hana.

Þegar Fjóla sagði að hún vildi þetta ekki og að hún ætlaði að segja mömmu sinni frá varð frændinn reiður. Fjóla varð því hrædd við hann.

Hann hótaði henni. Hann sagðist ætla að berja hana og að allir myndu verða reiðir við hana ef hún segði frá.

Haldið þið að frændi hafi rétt fyrir sér? Haldið þið að allir myndu verða reiðir við Fjólu ef hún segir frá?


Nei. Af því að Fjóla hefur ekki gert neitt rangt. Það er enginn sem verður reiður við Fjólu. Það er frændi sem gerði það sem er ekki leyfilegt. Það vita allir fullorðnir.

Frændi Fjólu lýgur og hræðir Fjólu til að fá hana til að segja ekki mömmu sinni frá. Fullorðnir mega ekki að hræða börn.

Það er aldrei börnunum að kenna ef þau verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Ef einhver fullorðinn hræðir þig geturðu alltaf sagt fullorðnum sem þú treystir frá, til dæmis í leikskólanum/skólanum.



Þáttur 3 Hræðsla



Frændi Fjólu gerir það sem er ólöglegt og meiðir Fjólu. og hann hótar henni svo hún verður hrædd. En Fjóla þorir samt að segja mömmu sinni frá.

Hvað gerðist þegar Fjóla sagði mömmu sinni frá hvað gerðist?

Mamma hennar huggar og hjálpar Fjólu. Þegar Fjóla segir mömmu sinni frá hættir frændinn að snerta kynfæri hennar.

Við hvern talið þið oftast þegar þið þurfið að segja frá einhverju erfiðu eða einhverju sem hefur gert ykkur hrædd og döpur?

RÁÐ!

TIL KENNARA

Farðu aftur yfir veggspjaldið sem þið gerðuð áður sem sýndi þá fullorðnu sem börnin sögðust geta talað við. Minnið börnin líka á að þau geti talað við þig eða einhvern annan í leikskólanum.


Mjög fáir fullorðnir gera ólöglega hluti við börn eða hræða börn. En það eru samt nokkrir sem gera það. Ef einhver fullorðinn hræðir ykkur er mikilvægt að tala um það við annað fullorðið fólk sem þið treystið svo þið getið fengið aðstoð.



VERKEFNI

Leyfðu börnunum að teikna mismunandi tilfinningar og/eða teikna einhvern fullorðinn sem þau treysta. Sjá kennsluleiðbeiningarnar til að fá frekari upplýsingar um hvernig hægt er að vinna með þetta.

Valkostur 2: Farðu aftur í veggspjaldið sem þið bjugguð til með börnunum með öllu fullorðna fólkinu sem börnin treysta. Biðjið þau um að teikna einn eða fleiri fullorðna sem þau nefndu og treysta.



Þáttur 4 Það er aldrei þér að kenna



TIL KENNARA

Byrjaðu á því að sýna titilmynd þáttanna á skjánum og talaðu aðeins um það sem börnin muna úr síðasta þætti. Ef enginn vill segja neitt, geturðu minnt þau á að hinar myndirnar hafi verið um ólíkar tilfinningar. Tilfinningar eru það sem við finnum inni í líkama okkar. Ein tilfinning getur verið hamingja, önnur tilfinning getur verið reiði eða stolt og svo framvegis. Sumar tilfinningar gera það að verkum að ykkur verður illt í maganum, til dæmis þegar þið eruð hrædd. Þá skuluð þið tala við einhvern fullorðinn sem þið treystið.

Sýndu þátt 4: „Líkami minn tilheyrir mér“ – Það er aldrei þér að kenna

Getið þið sagt mér um hvað þessi mynd var?

Fólk sem verður hrætt eða fyllist skelfingu bregst við á mismunandi hátt.

- Sumir hrópa og hlaupa í burtu.
- Aðrir stífna og frjósa á staðnum.
- Sumum finnst þetta svolítið spennandi.

Það er alveg eðlilegt að við bregðumst við á ólíkan hátt. Þó að það sé mjög ólíkt hvernig börn bregðast við kynferðislegu áreiti og þau verði hrædd þá er það aldrei barninu að kenna sem gerðist.



Þáttur 4 Það er aldrei þér að kenna



Eruð þið góð í að geyma leyndarmál og segið þið ekki frá? Hvað getur verið gott leyndarmál?

En það eru til leyndarmál sem þið ættuð ekki þegja yfir. Bíddu! Hvers konar leyndarmál geta það verið?

Ef til vill geymið þið leyndarmál sem gerir ykkur hrædd og leið eða kannski hefur einhver gert eitthvað ólöglegt við líkama ykkar. Þá verði þið að segja einhverjum fullorðnum sem þið treystið frá því þó að þið hafið lofað að segja ekki frá.

Hvert er leyndarmál Orra?

Orra á sér leyndarmál. Það leyndarmál er að hann og Magga hafa verið að snerta kynfæri hvort annars. Magga er unglingur og Orra er barn.

Það er aldrei barninu að kenna ef eitthvað líkt og þetta gerist. Þú skalt alltaf segja einhverjum fullorðnum frá þó það hafi liðið langur tími frá því að það gerðist.



Þáttur 4 Það er aldrei þér að kenna



Hvernig haldið þið að Orra líði?

Orrí verður leiður þegar hann hugsar um það sem hefur gerst. Honum fannst fyrst svolítið spennandi það sem hann og Magga gerðu. En svo áttaði hann sig á því að það er ekki leyfilegt fyrir ungmenni eins og Möggu að snerta kynfæri hans.

Orrí varð hræddur. Honum finnst hann dálítið heimskur líka, vegna þess að hann hafði alveg „tekið þátt í þessu með Möggu“.

Orrí er hræddur við að segja pabba sínum frá af ótta við að hann verði reiður. Orrí hugsar mikið um það hvað gerðist og honum finnst þetta líka vera sér að kenna.

En það er aldrei barni að kenna ef svona gerist!

Magga reynir að hræða Orra með því að segja að margir verði reiðir við hann. En það er ekki rétt. Börn mega alltaf segja frá ef einhver hefur gert eitthvað sem veldur þeim vanlíðan og er bannað með lögum eða ef þeim finnst þau vera með stein í maganum.

Það er gott að tala við fullorðna þó það sé erfitt.



Þáttur 4 Það er aldrei þér að kenna



Hvað gerðist í skólanum? Hvað sagði kennarinn hans Orra?

Orri kemst að því að það sem hann hefur upplifað er kynferðislegt ofbeldi og að það sem kom fyrir hann er ekki honum að kenna. Það sem Magga gerði er ólöglegt fyrir fullorðin fólk að gera og líka fyrir ungt fólk.

Orri lærir líka að hann á rétt á að fá hjálp og að Magga þarf líka hjálp til að hætta því sem hún er að gera.

Hann veit núna að svona leyndarmálum má segja frá þó að einhver biðji hann um að segja engum frá.

Hvað er Magga að gera sem er bannað?

Möggu finnst gaman að snerta píkuna á sér meðan Orri er hjá henni. Hún strýkur typpið á Orra og biður Orra líka að snerta píkuna sína. Hún sýnir honum mynd í sjónvarpinu þar sem fullorðin fólk er að leika sér að kynfærum hvert annars. Það er ólöglegt fyrir fullorðna og ungmenni að sýna börnum þannig myndefni.

Er Orri að gera eitthvað ólöglegt?


Nei! Þó að Orri snerti píkuna á Möggu og taki þátt þá er það Magga sem er að gera eitthvað ólöglegt en ekki Orri.

Af hverju heldurðu að Magga segi að margir verði reiðir við Orra?

Magga segir það því að hún vill hræða Orra svo hann þori ekki að segja neinum frá.



Þáttur 4 Það er aldrei þér að kenna



Af hverju þorir Orri ekki að segja pabba sínum frá því sem gerðist?

Orri er hræddur um að pabbi hans verði reiður. Hann sér eftir því að hafa logið að pabba. Hann er hræddur og trúir því að það sem gerðist sé honum að kenna. En það er aldrei börnum að kenna ef fullorðnir eða ungmenni vilja snerta kynfæri þeirra eða vilja að þau snerti kynfæri sín.

Það sem Magga gerði er ólöglegt. Það er gott ef Orri getur sagt frá, þó honum þyki vænt um Möggu. Hún þarf að fá hjálp til að hætta. Að lokum segir Orri pabba sínum hvað hann og Magga voru að gera.

Hvernig líður Orra eftir að hann segir pabba?


Orra er létt og hann er ánægður. Og pabbi verður ekki reiður, hann huggar og skilur. Allir fullorðnir verða að passa upp á að börn séu örugg. Það kemur fram í íslenskum lögum. Þess vegna er það mjög mikilvægt að þið látið fullorðna vita ef þið lendið í einhverju svipuðu sem gerir ykkur hrædd og döpur eða ef þið eigð leyndarmál sem þið ættuð ekki að geyma.

Hvaða fullorðna fólki finnst ykkur best að segja frá erfiðum eða sorglegum hlutum?


RÁÐ!

TIL KENNARA

Farðu aftur á veggspjaldið/listann yfir þá fullorðna sem börnin töldu best að tala við og væru örugg að trúá fyrir sínum málum. Minntu nemendur á það sem þú talaðir um síðast og segðu þeim frá því ólíka fullorðna fólki sem þau gætu tala við. Segðu að þau geti alltaf talað við ykkur fullorðna fólkið í leikskólanum/ skólanum ef það er eitthvað sem þau eru hrædd við eða hafi áhyggjur af eða hafi þagað yfir.



Þáttur 4 Það er aldrei þér að kenna



Fullorðnir eiga að passa upp á börn. En börn geta líka passað upp á hvert annað!

Við erum líka sérstaklega góðir vinir ef við tryggjum að öðrum líði vel.

Hvernig getið þið passað upp á hvert annað?

Hvað getið þið gert ef vinur segir ykkur frá svona leyndarmáli sem þið ættuð ekki að þegja yfir heldur segja frá?

Þá verðið þið að segja einhverjum fullorðnum sem þið treystið frá því hvað vinurinn sagði. Þið eruð enn þá góðir vinir, jafnvel þótt þið hafið lofað að segja ekki frá.

Góðir vinir hjálpa hver öðrum. Og börn sem geyma ein svona leyndarmál eins og Orri, þurfa hjálp frá fullorðnum.



VERKEFNI

Nemendur teikna mynd af sér að hjálpa vini sínum. Fylgstu með því sem börnin tala um á meðan þau teikna.